



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

2. fundur 2011 (20. fundur)

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 20.04.2011 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Páll Svavar Pálsson	"
Birgir Haraldsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sigurður H. Ólafsson	skipulags- og byggingarfulltrúi
Georg Friðriksson	Landhelgisgæsla Íslands
Jón B. Guðnason	"

Sigurður Thoroddsen boðaði forföll.

1. Erindi Reykjanesbæjar um jarðstreng frá Fitjum að iðnaðarsvæði við Helguvík

Lagt var fram erindi Reykjanesbæjar, dags. 29.03.2011, þar sem gerð grein er frá nýrri lagnaleið fyrir 132 kV háspennujarðstreng til Helguvíkur. Reykjanesbær undirbýr breytingu á aðalskipulagi vegna strengsins og hefur bæjarstjórn samþykkt að um óverulega breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar sé að ræða. Óskað er eftir afstöðu skipulagsyfirvalda Keflavíkurflugvallar um hvort um óverulega breytingu á aðalskipulagi sé að ræða.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar er sammála því að um óverulega breytingu sé að ræða.

Undir þessum lið vék Guðlaugur H. Sigurjónsson af fundi.

2. Erindi Landhelgisgæslunnar um skipulagsmál á Miðnesheiði (ratsjárstöðin H1)

Lagt var fram erindi Landhelgisgæslunnar, dags. 24.03.2011, þar sem óskað er eftir formlegri umsögn skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar um skýrslu Landhelgisgæslunnar um ratsjárstöðina á Miðnesheiði (H1).

Afstaða skipulagsnefndarinnar kom fram á síðasta fundi nefndarinnar en þar var eftirfarandi bókað:

„Lögð var fram skýrsla Landhelgisgæslunnar, dags. 23.12.2010, um ratsjárstöðina á Miðnesheiði (H1). Skýrslan lýsir þörfum ratsjástöðvarinnar með tilliti til hámarkshæðar bygginga á aðliggjandi svæðum, byggingarefna, staðsetningar bygginga og öryggissvæða vegna almannaheilla.



Skýrslan sem slík leggur ekki skipulagslegar kvaðir á sveitarfélögin en hún er gott og gagnlegt innlegg inn í skipulagsvinnu þeirra.“

Skipulagsfulltrúi hefur þegar greint Landhelgisgæslunni frá afstöðu skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar.

3. Erindi Skipulagsstofnunar um 5. tl. ákvæðis til bráðbirgða í skipulagslögum nr. 123/2010

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 25.03.2011, þar sem vísað er til 5.tl. til bráðbirgða í skipulagslögum nr. 123/2010 og þess krafist að þær deiliskipulagsáætlanir og breytingar á þeim, sem gerðar hafa verið á grundvelli aðalskipulags og samþykktar af sveitarstjórn fyrir 1. janúar 1998 og hafa ekki verið auglýstar, hlotið staðfestingu ráðherra eða samþykktar af skipulagsstjóra ríkisins samkvæmt eldri lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, skuli sendar til Skipulagsstofnunar til vörslu. Um er að ræða deiliskipulag sem framkvæmt hefur verið eftir. Gefinn er frestur til að senda umræddar skipulagsáætlanir til Skipulagsstofnunar fyrir 31.12. 2011 og jafnframt gera grein fyrir hvenær viðkomandi skipulagsáætlun var samþykkt og hvaða aðalskipulagsáætlun var í gildi fyrir viðkomandi svæði.

Skipulagsfulltrúi mun vinna í málinu.

4. Breyting á deiliskipulagi A svæðis, Blikavöllur 5 og Kjóavöllur 1

Upplýst var á fundinum að heimild er komin frá Skipulagsstofnun að auglýsa samþykktu breytingu á deiliskipulagi A svæðis, Blikavöllur 5 og Kjóavöllur 1, í B-deild Stjórnartíðinda.

5. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar verður 27.05.2011.

Fleira ekki gert, fundi slitið.